

Ár 1982, þriðjudaginn 21. september, var í málinu nr. 8/1982 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Í máli þessu kærir Ólafur J. Jónsson mat húseignarinnar nr. 48 við Kirkjuveg í Keflavík. Telur kærandi fasteignamat alltof hátt.

Hér er um að ræða steinsteypt hús, 307 rúmmetra og talið byggt 1934, ásamt 262 rúmmetra bílskúr og 28 rúmmetra geymslu. Bílskúrin og geymslan eru talin byggð 1963. Samkvæmt úrskurði Fasteignamats ríkisins frá 16. apríl 1982 eru þessar byggingar metnar á samtals kr. 367.000,-


Athugun nefndarinnar hefur ekki leitt í ljós, að umrædd fasteign hafi verið of hátt metin í ofangreindum úrskurði Fasteignamats ríkisins. Kæran verður því ekki tekin til greina.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :


Ofangreind kæra er ekki tekin til greina.



Gaukur Jörundsson.



Pétur Stefánsson.



Guðmundur Magnússon.